



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Leikgarður**

**2020– 2021**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                                                    |                                     |
|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| Leiðarljós leikskólans:.....                                                       | 3                                   |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                                                | 3                                   |
| 2 Innra mat samantekt .....                                                        | 4                                   |
| 3 Ytra mat samantekt .....                                                         | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....                                              | 5                                   |
| 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....                        | 5                                   |
| 6 Foreldrasamvinna .....                                                           | 5                                   |
| 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                                         | 5                                   |
| 8 Fylgigögn.....                                                                   | 6                                   |
| 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu / stuðning.....                         | 8                                   |
| 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku..... | 10                                  |



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og allir vita hefur þetta ár farið að mestum hluta í að samsama sig „veirunni vondu“ og allur kraftur hefur farið í að aðlaga sig breyttum starfsháttum, breyttum reglum og breyttum áherslum innan leikskólans.

Mikil áhersla hefur verið lögð á foreldrasamstarf, góða upplýsingagjöf og vellíðan starfsfólks á vinnustað.

Starfsmannavelta hefur verið lítil og samstaða í breyttum vinnuveruleika hefur verið með ólíkindum. Við höfum verið ótrúlega heppin hvað varðar veikindi og hingað til sloppið við smit og fjarvistir starfsfólks.

Það var meðvituð ákvörðun stjórnenda að einblína á starfsmannahópinn, andlega og líkamlega líðan og þau tækifæri sem gáfust til að nýta þann veruleika sem við höfum búið við í vetur til að flétta inn í starfið með ungum börnum. Þetta hefur skilað sér í ótrúlega þéttum og sterkum starfsmannahópi sem vílar ekkert fyrir sér a.m.k. hvað „veiruna vondu“ varðar!

Engin skipulögð aðkeypt námskeið hafa verið í vetur með starfsfólki en reynt hefur á stjórnendur skólans í að útbúa námsefni sem hæfir okkar starfsumhverfi í dag og tekur mið af þörfum barna og starfsfólks. Umhyggja og stöðugleiki hefur verið það sem við höfum lagt mesta áherslu á í okkar starfi í vetur og hefur það skilað sér í frábærri foreldrasamvinnu og stórkostlegum starfsmannahópi.



## 2 Innra mat

Leikskólinn Leikgarður hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólustjóri á Mánagarði er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk Leikgarðs í að starfa eftir stefnunni. Flest allt starfsfólk Leikgarðs hefur nú farið á Nýliðanámskeið um HighScope hjá Írisi, kjarninn sem starfar hér enn eftir 5 - 8 ára starf hefur farið á allmörg HighScope námskeið og fræðir starfsfólk á deildum í daglegu starfi. Auk þess gerir Íris innra mat á öllum deildum sem byggir á matslista frá HighScope sem kallast PQA-Preschool Quality Assessment. Sá listi tekur á námsumhverfi barna, dagskipulaginu, samskiptum kennara og barna og áætlanagerð og matsaðferðum. Ekki hefur unnist tími til að gera þetta mat þar sem töluverðar breytingar hafa verið á starfsmannahópnum og áherslan sett á nýjan starfsmannahóp.

Íris heldur einnig fræðslufundi fyrir foreldra barna á leikskólum FS þar sem hún kynnir HighScope stefnuna. Stefnt er að halda slíkan fund á Teams þegar tækifæri gefst.

Allar deildir Leikgarðs eru vel búnar húsgögnum og efnivið, allur búnaður fyrir börnin er í þeirra hæð og efniviður aðgengilegur. Öllum deildum er skipt niður í svæði sem ýta undir fjölbreyttan leik. Efniviðurinn er fjölbreyttur og börnin hafa greiðan aðgang að honum, allt er merkt (hillur og kassar) á 6 ólíka vegu (læsi) svo auðvelt er fyrir börnin að nálgast efniviðinn, nota hann, taka hann saman og skila honum á sinn stað.

Orðræðan í HighScope er önnur en maður á að venjast og það er með því fyrsta sem við þjálfum fólk í, það skiptir miklu máli hvernig við tölum við börn og hvert annað. Íris hefur tekið allt starfsfólk Leikgarðs á námskeið í vetur þar sem farið er yfir orðræðuna í HighScope.

Börnin hafa val allan daginn, um hluti sem skipta þau miklu máli en okkur jafnvel engu máli, það eru öll svæði opin fyrir alla, engin takmörk á hversu margir mega vera á hverju svæði, þau finna það á eigin skinni hvort það er nóg pláss og nægur efniviður fyrir þau eður ei. Þau taka ákvarðanir t.d. um hvar þau vilja sitja við matarborðið, hvar þau vilja liggja í hvíldinni, hversu lengi þau vilja vera í hópastarfi, hversu mikið/lítið þau vilja borða og hvað þá, hvort þau vilja klæða sig sjálf eða fá aðstoð, þau fá alltaf val þegar þau verða að gera eitthvað þannig að þau eru að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Dagskipulagið okkar er alltaf eins á hverjum degi svo börnin og starfsfólk eru fljót að læra það. Börnin vita alltaf hvað kemur næst svo þau geta þá farið þangað sjálf og hafist handa (sjálfstæði, frumkvæði, sjálfshjálp). Það auðveldar líka nýju starfsfólki að læra inn á starfið hér og gerir það öruggara.



Það eru sannarlega mörg tækifæri til umbóta en líka eiginlega magnað hvar við erum stödd miðað við allt og allt. Eins og áður hefur komið fram hefur áherslan verið á þetta og þjálfar starfsmannahópin því það er jú hann sem skiptir mestu máli til að starfið gangi sem best. Öll nýliðakennsla hefur verið í höndum leikskólastjóra og höfum við getað nýtt starfsdaga og starfsmannafundi til hins ýtrasta með áherslu á umhverfið inn á deild og orðræðuna. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að kynna vinnustaðinn (Félagsstofnun stúdenta) fyrir starfsfólki þar sem að við vinnum á mörgum starfsstöðvum og ekki hefur gefist tækifæri til að hittast í vetur nema í netheimum.

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri á starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn leikskólans.

Leikskólastjórar og deildarstjórar fóru í viðtal til mannauðsstjóra Félagsstofnunar stúdenta.

Allir starfsmenn fóru á Skyndihjálparnámskeið.

Allir starfsmenn fóru einnig á nýliðanámskeið HighScope.

### **3 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Á ekki við.

### **4 Foreldrasamvinna**

Því miður var minna um foreldrasamvinnu þetta skólaárið en oft áður. Meiri áhersla var því lögð á dagleg samskipti og upplýsingagjöf til foreldra.

Við stefnum á foreldraviðtöl á Teams í feb-apríl.

### **5 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Sjá fylgiskjal



## 6 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 Skipulagt starf barna með annað móðurmál en íslensku

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Leikgarðs

Sigríður Stephensen

02.12.20

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

| Vísibending                                                                                                       | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|---------------------------------------------------------------|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?                                           | Ekkert            |                                                               |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum                                            | Ekkert            |                                                               |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | Ekkert            |                                                               |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?                                                             | Engin             |                                                               |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?                                                                         | Já                |                                                               |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?                                                                | Já                |                                                               |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)                      | Já                |                                                               |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?                                                                         | Já                |                                                               |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?       | Á ekki við        |                                                               |
| Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?           | Á ekki við        |                                                               |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?                                                                      | Já                |                                                               |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?                                                               | já                | Þjónustumiðstöð,                                              |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?                                                    | Á ekki við        |                                                               |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?                                             | Á ekki við        |                                                               |





## Fylgiskjal 2

skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

| Vísbending                                                                                                                                                                                                                                                                               | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi                                                                                                                 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi                                                                                                                                                                                                                                       | Já         | Með því að gefa sig sérstaklega að þeim börnum, tala við og lesa fyrir börnin í hópum og einslega. Þau sem þurfa fá aukna málörvun hjá hópstjóra. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)                                                                                                                                                                                                                               | Já         | Lögð er áhersla á að tala lýsandi mál, taka virkan þátt í leik með börnunum og endurtaka rétt það sem þau segja.                                  |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?                                                                                                                                                                                                                                          | Já         | Með því að lesa, segja sögur, syngja og fara með þulur. Ræða orð og merkingu þeirra.                                                              |
| Er fylgst með framförum barnanna?                                                                                                                                                                                                                                                        | Já         | Með skráningum hópstjóra                                                                                                                          |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul> | Já         | Í daglegu starfi / með skráningum hópstjóra                                                                                                       |



### **Fylgiskjal 3**

## **Starfsáætlun 2019 – 2020 Leikgarður**

### **Umsögn foreldraráðs**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Leikgarðs hefur tekið starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2019-2020 til umsagnar líkt og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kveður á um. Foreldraráðið samþykkir starfsáætlunina þar sem meðal annars kemur fram greinargerð um síðasta starfsár, samantekt á innra og ytra mati á leikskólanum, samantekt á fræðslu og námskeiðum sem starfsfólk hefur sótt, foreldrasamvinnu og skipulag leikskóladagatala. Ljóst er að síðasta starfsár og upphaf þessa árs var þungt í vöfum og Covid setti stórt strik í reikninginn. Þrátt fyrir þessar áskoranir tókst stjórnendum og öðru starfsfólki skólans að halda uppi góðu, faglegu skólastarfi og hlýlegu viðmóti til barna og foreldra. Stjórnendur einblíndu á starfsmannahópinn, studdu hann og efldu í gegnum þessar miklu

breytingar og ber það vitni um góðan starfsanda og vilja til þess að halda uppi því góða orðsperi sem Leikgarður hefur áunnið sér.

Foreldraráð þakkar gott samstarf við leikskóla og foreldra á árinu.

Fyrir hönd Foreldraráðs Leikgarðs,  
Katrín Eir Ingimarsdóttir.

